



85. fundur
skipulags- og byggingarnefndar Norðurbings
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurbings,
miðvikudaginn 14. desember 2011 og hófst hann kl. 13:00

Fundinn sátu:

Jón Grímsson, Soffía Helgadóttir, Dóra Fjóla Guðmundsdóttir, Hilmar Dúi Björgvinsson, Hannes Höskuldsson, Gaukur Hjartarson,

Fundargerð ritaði: Gaukur Hjartarson, Skipulags- og byggingarfulltrúi

Dagskrá:

1. 201111042 - Fjárhagsáætlun skipulags- og byggingarnefndar 2012

Bæjarráð ákvað á fundi sínum þann 8. desember tillögu að rýmkuðum fjárhagsramma fyrir skipulags og byggingarmál (09) árið 2012. Skipulags- og byggingarfulltrúi kynnti tillögu að uppskiptingu nýja rammans á bókhaldsliði.

Skipulags- og byggingarnefnd fagnar auknum fjárveitingum til sviðsins. Leggur nefndin til við bæjarstjórn að fjárhagsáætlun fyrir skipulags- og byggingarmál verði til samræmis við tillögu skipulags- og byggingarfulltrúa eins og hún var lögð fram.

2. 201111085 - Frá Þingeyjarsveit varðandi Svæðisskipulagsnefnd háhitasvæða í Þingeyjarsýslum

Óskað er eftir viðræðum við Norðurbing um mögulega breytingu á legu háspennulína frá Þeistareykjum til Bakka frá því ætlað er í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum, aðalskipulagi Norðurbings og aðalskipulagi Þingeyjarsveitar. Skipulags- og byggingarnefnd Norðurbings leggur til að mögulegar breytingar svæðisskipulagsins verði ræddar í nýrri samvinnunefnd um svæðisskipulagið.

Hilmar Dúi leggur til að fulltrúar Norðurbings í svæðisskipulagsnefndinni verði Arnþrúður Dagsdóttir og Gaukur Hjartarson.

Tillaga Hilmars var felld með atkvæðum Jóns, Soffíu, Hannesar og Dóru Fjólu.

Meirihluti skipulags- og byggingarnefndar leggur til við bæjarstjórn að Jón Grímsson og Gaukur Hjartarson verði fulltrúar Norðurbings í samvinnunefnd um svæðisskipulagið. Hilmar Dúi greiðir atkvæði gegn þessari tilnefningu.

3. 201111039 - Vatnajökulsþjóðgarður, ósk um deiliskipulag í mynni Ásbyrgis

Óskað er eftur aðkomu Norðurbings að nýju deiliskipulagi í minni



Ásbyrgis.

Skipulags- og byggingarnefnd fagnar áhuga á gerð nýs deiliskipulags í minni Ásbyrgis. Fjárhagsleg þátttaka Norðurljóða er háð framlögum til skipulagsmála við frágang fjárhagsáætlunar komandi árs.

Soffía vék af fundi við umfjöllun þessa máls.

4. 201111058 - Sjóböð ehf. ósk um lóð

Óskað er eftir lóð á Húsavíkurhöfða fyrir sjóböð. Fyrir liggur hugmynd að afmörkun lóðar.

Unnið er að kostnaðarmati vegna breyttrar veglegu út að iðnaðarsvæði á Bakka m.t.t. fyrirhugaðrar uppbyggingar á Húsavíkurhöfða. Eins og staðan er, er ekki komin niðurstaða í því máli. Skipulags- og byggingarnefnd telur því ekki forsendur til að ákvarða um lóðarúthlutun á þessu stigi.

5. 201112036 - Trésmiðjan Rein ehf. óskar eftir að lóðin að Víðimóum 14 verði aukin að lengd

Óskað er eftir að úthlutað lóð að Víðimóum 14 verði lengd frá því sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi.

Skipulags- og byggingarnefnd tekur jákvætt í þessa ósk. Hún stefnir að endurskoðun deiliskipulags iðnaðarsvæðis sunnan Húsavíkur á nýju ári. Í þeirri vinnu verður tekin endanleg afstaða til lengingar lóðarinnar.

6. 201112022 - Flóki ehf. umsókn um byggingarleyfi fyrir hæð ofaná Uggahús

Ekki er gert ráð fyrir byggingu ofan á Uggahús í þeirri deiliskipulagstillögu sem er í vinnslu.

Ósk umsækjanda verður tekin fyrir við umfjöllun um deiliskipulagstillöguna í janúar. Óskað er eftir nánari upplýsingum um hugmyndir lóðarhafa um uppbygginguna fyrir þá umfjöllun.

7. 201112030 - Stefán Þórssón f.h. eiganda Barðahúss, hafnarstéttar 23 á Húsavík, óskar eftir auknum byggingarétti fyrir húsið

Ekki er gert ráð fyrir byggingu ofan á Barðahús í þeirri deiliskipulagstillögu sem er í vinnslu.

Ósk umsækjanda verður tekin fyrir við umfjöllun um deiliskipulagstillöguna í janúar. Óskað er eftir nánari upplýsingum um hugmyndir lóðarhafa um uppbygginguna fyrir þá umfjöllun.

8. 201112008 - Vigfús Sigurðsson f.h. eigenda að Uppsalavegi 25 sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við húsið

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir 4,4 m² viðbyggingu við bakdyrainngang að Uppsalavegi 25. Meðfylgjandi erindi er teikning unnin af Per Langsöe



Christensen.

Skipulags- og byggingarnefnd telur bygginguna víkja óverulega frá deiliskipulagi og samþykkir að heimila byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni.

9. 201109052 - Örlygur H. Jónsson, sækir um breytta notkun hússins að Höfða 24b

Erindið var áður til umfjöllunar á fundi þann 12. október s.l. og var þá skipulags- og byggingarfulltrúa falið að grenndarkynna erindið. Nú liggur fyrir skriflegt samþykki þeirra nágretta sem fengu grenndarkynningu.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir breytta notkun innan lóðarinnar, enda verði skilað inn fullnægjandi teikningum af breytingum hússins til samþykktar hjá byggingarfulltrúa.

10. 201111036 - Svan Jörgensen óskar eftir leyfi til að breyta stofuglugga að Baughóli 17

Óskað var eftir leyfi til breytinga á útliti stofuglugga að Baughóli 17.

Erindi var móttækið og samþykkt af byggingarfulltrúa 7. nóvember s.l.

11. 201108007 - Pálsreitur ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir þrjár íbúðir af sex í sambýlishúsi að Pálsgarði 1

Erindi þetta var endanlega samþykkt af byggingarfulltrúa 30. nóvember 2011.

12. 201112040 - Vegagerðin, ósk um landnúmer lóðar að Tóvegg, Kelduhverfi

Óskað er eftir samþykki fyrir stofnun lóðar út úr landi Tóveggjar vegna lagnirnar Dettifossvegur.

Skipulags- og byggingarnefnd telur stofnun lóðarinnar til samræmis við stefnu í aðalskipulagi um veglegu og leggur því til við bæjarstjórn að erindið verði samþykkt.

13. 201112044 - Jón G. Stefánsson óskar eftir samþykki fyrir stofnun leigulóðar undir og umhverfis íbúðarhúsið að Höfðabrekku

Óskað er eftir samþykki fyrir stofnun 9.000 m² lóðar undir íbúðarhúsið að Höfðabrekku í Kelduhverfi. Meðfylgjandi umsókn er teikning af hnitsettri afmörkun lóðarinnar unnin af Guðmundi H Gunnarssyni hjá Búgarði á Akureyri.

Skipulags- og byggingarnefnd fellst á stofnun lóðarinnar fyrir sitt leiti og leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki lóðarstofnun að fengnu samþykki annara landeigenda að óskiptu landi Keldunesbæja.



Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30